

# ÁRSSKÝRSLA 2020

meinsfélag  
og nágrennis



Krabbameinsfélag  
Akureyrar og nágrennis





**Stofnað 21. nóvember 1952**

**Þjónustumiðstöð**

Glerárgata 34 - 2.hæð  
600, Akureyri  
S: 461-1470

Netfang: [kaon@krabb.is](mailto:kaon@krabb.is)

[www.kaon.is](http://www.kaon.is)

Ábyrgðarmaður: Marta Kristín Jónsdóttir  
Hönnun og umbrot: María Rut Dýrfjörð og  
Eva Björg Óskarsdóttir

Mars 2021

## EFNISYFIRLIT

MANNAUÐUR	4
ÞJÓNUSTA OG STARFSEMI	6
RÁÐGJAFARÞJÓNUSTAN	10
REKSTUR	11
VIÐBURÐIR	12
MÍÐLAR	13
FJÁRAFLANIR	14
STYRKIR	15

## MANNAUÐUR

### STJÓRN

Árlega er kosið til stjórnar á aðalfundi Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Stjórnin er skipuð níu stjórnarmönnum, formanni og átta meðstjórnendum.

#### Stjórn Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis 2020.

Anna Hulda Júlíusdóttir - Formaður  
Jón Gunnlaugur Stefánsson - Varaformaður  
Védís Birgisdóttir - Gjaldkeri  
Marta Kristín Jónsdóttir - Ritari  
Brynjólfur Ingvarsson - Meðstjórnandi  
Elva Sigurðardóttir - Meðstjórnandi  
Guðrún Dóra Clarke - Meðstjórnandi  
Jenný Valdimarsdóttir - Meðstjórnandi  
Jóna Sigurbjörg Arnórsdóttir - Meðstjórnandi

## STARFSFÓLK

Samstarfssamningur við Krabbameinsfélag Íslands var framlengdur og tryggir það faglegan og fjárhagslegan grundvöll fyrir starfi heilbrigðisstarfsmanna við ráðgjöf hjá félaginu. Kí greiðir laun og launatengd gjöld fyrir starfsmennina ásamt föstum starfsmanna- og rekstratengdum kostnaði. Starfsmennirnir hafa faglegt bakland í Ráðgjafarþjónustunni í Skógarhlíð. Tveir starfsmenn voru með 1.5 stöðugildi út ágúst 2020. Regína Ólafsdóttir sálfræðingur var í 80% starfshlutfalli og Katrín Ösp Jónsdóttir í 70% starfshlutfalli. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis greiddi svo Katrínu Ösp 15% starfshlutfall. Katrín Ösp var eini ráðgjafinn hjá félaginu frá 1. september og frá 1. október var hún í 75% starfshlutfalli og alfarið á launaskrá hjá KÍ. Vegna verkefnastöðu var ákveðið að bíða með að ráða nýjan starfsmann.

Hjá Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis voru síðan starfsmenn á launaskrá til að sinna daglegum rekstri, móttöku- og markaðsstarfi. Framkvæmdastjóri, Halldóra Björg Sævarsdóttir í 100% stöðu og María Rut Dýrfjörð var í afleysingum í 100% stöðu sem móttöku- og markaðstjóri.

Að auki var Marta Kristín Jónsdóttir í afleysingum frá 1. september í 50% stöðu sem starfandi framkvæmdastjóri.

## SJÁLFBODALIÐAR

Námskeið var haldið fyrir sjálfbodaliða sem tóku formlega til starfa í febrúar 2020. Þetta voru sjö einstaklingar sem skráðu sig til þess að vera félaginu innan handar á viðburðum, miðvikudagsfræðslum og í hópastarfi. Fólk skráði sig á vaktir, eftir eigin óskum og getu.

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis var stofnað 21.nóvember 1952. Starfssvæðið er frá Siglufirði í vestri og austur að Stóru Tjörnum í Fnjóskadal. Helstu verkefni er stuðningur og fræðsla við einstaklinga með krabbamein og aðstandendur þeirra ásamt námskeiðum og viðburðum. Þjónustumiðstöð félagsins er að Glerárgötu 34 - 2. hæð á Akureyri. Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga frá 10:00-16:00. Heimasíða félagsins er kaon.is og þar er að finna frekari upplýsingar um félagið og starfsemi þess.



Mynd Auðunn Niésson. María Rut Dýrfjörð, Halldóra Björg Sævarsdóttir, Katrín Ösp Jónsdóttir og Regína Ólafsdóttir.



Mynd Auðunn Niésson. Starfsmenn, stjórn og sjálfbodaliðar.

## ÞJÓNUSTA OG STARFSEMI

Það er óhætt að segja að starfsemi félagsins hafi markast mjög af takmörkunum vegna Covid-19 þetta starfsár. Takmarkanir hófust í byrjun mars mánaðar og var samfelld starf með hefðbundnum hætti því aðeins fyrstu tvo mánuði ársins.

Á þessum óvissutíma hafði stjórn og starfsfólk hag skjólstæðinga félagsins í fyrirrúmi og tóku sóttvarnir og aðgengi að þjónustumiðstöðinni mið af ytrustu varúðarráðstöfunum sem lögð voru til af stjórnvöldum.

Á þessum óvissutíma hafði stjórn og starfsfólk hag skjólstæðinga félagsins í fyrirrúmi.

Opnunartími þjónustumiðstöðvarinnar var óbreyttur að undanskildum þremur vikum í mars og apríl á meðan samkomubann varði. Einnig unnu starfsmenn heima í tvær vikur í nóvember.



Mynd Auðunn Nielsón.

## AÐSÓKN

Aðsókn í þjónustu félagsins var umtalsvert minni en árið áður. Þegar lítið er yfir vikulega skráningu sést glögglega að skjólstæðingar félagsins héldu sig til hlés þegar Covid-19 byrjaði og stjórnvöld hertu sóttvarnaraðgerðir.

Skráð samskipti við félagið voru 1.232 á árinu og telur það til heimsóknafjölda og símtala í þjónustumiðstöðina. Fækkunina má að mestu rekja til þess að nánast allt hópastarf og námskeið voru felld niður.

Áætlað er að ríflega 500 manns hafi þegið fræðslu eða kynningu á vegum félagsins utan þjónustumiðstöðvarinnar. Telur þar fjöldi gesta á viðburði tengda Hrutnum í mars og Dekurdögum í október hæðst. Þá bætast við rafræn samskipti ráðgjafa félagssins sem alls tóku 122 viðtöl við skjólstæðinga, ýmist símleiðis eða í gegnum fjarfundarbúnað.

## Samskipti og aðsókn eftir kyni og aldri

	Kona	Karl	Barn*
Janúar	132	62	5
Febrúar	111	116	4**
Mars	54	28	5
Apríl	10	7	0
Maí	78	42	6
Júní	92	30	6
Júlí	17	4	0
Ágúst	53	15	4
September	89	25	13
Október	78	27	4
Nóvember	27	10	4
Desember	47	20	1
<b>Samtals</b>	<b>788</b>	<b>386</b>	<b>52**</b>

\*Skjólstæðingar uppá 18 ára aldri eru skráðir sem börn (öll kyn)

\*\* Á öskudag komu auk þess 240 börn sem eru ekki inn í þessari tölu

## Aðsókn í heild

	Fjöldi
Samskipti og aðsókn	1232
Síma- og fjarviðtöl	122
Kynningar utanhúss	500+
<b>Samtals</b>	<b>1854</b>

Alls má áætla að um 2.000 manns hafi haft kynni af félaginu á árinu og er það vonum frammar miðað við aðstæður. Ef horft er í aðsóknartölur í mars og apríl má greinilega sjá áhrif samkomubanns á fjölda samskipta, í júlí var félagið lokað í þrjár vikur vegna sumarleyfa og í nóvember sjást áhrif aukinna samfélagssmita og hertra sóttvarnaraðgerða á eftirspurn.

Þrátt fyrir að aðgengi að þjónustumiðstöðinni hafi verið takmarkað um sinn skapar fjöldi heimsókna meirihluta samskipta, þá koma símtöl og að síðustu facebook samskipti.

## Samskiptaleiðir við félagið

	Sími	Koma	Facebook
Janúar	41	156	2
Febrúar	32	197*	2
Mars	32	55	0
Apríl	15	2	0
Maí	23	103	0
Júní	47	80	1
Júlí **	5	16	0
Ágúst	27	41	1
September	45	78	4
Október	64	40	8
Nóvember	22	20	2
Desember	34	31	3
<b>Samtals</b>	<b>387</b>	<b>819</b>	<b>23</b>

\* Í febrúar komu auk þess 240 börn á öskudag

\*\* Í júlí var lokað í þrjár vikur vegna sumarleyfa



Ráðgjafi sýnir fjarlægð og sóttvarnir.



Hópastarf, skartgripagerð.

## HÓPASTARF

Þar sem að skjólstæðingar félagsins eru margir hverjir með veikt ónæmiskerfi var farið varlega í hópamyndanir innan þjónustumiðstöðvarinnar. Fyrstu tvo mánuði ársins var hópastarf hinsvegar með hefðbundnum hætti og góð aðsókn í skipulagt starf á vegum félagsins.

### Skapandi handverk og spjall

Á fimmtudögum var boðið upp á opið hús fyrir konur sem greinst hafa með krabbamein. Konurnar mættu gjarnan með handverk að heiman og sinntu því í bland við spjall. Í febrúar var konunum boðið að taka þátt í námskeiði í skartgripagerð sem heppnaðist vel.

### Kátir karlar

Á laugardögum var húsið opið fyrir karla sem greinst hafa með krabbamein. Umsjón með hópnum hefur Brynjólfur Ingvarsson, sjálfboðaliði. Lagt var upp úr léttu spjalli og

góðum stuðning við nýliða og hefur þessi jafningjastuðningur reynst vel.

### Leshópur

Virkur leshópur er innan félagsins, hópurinn er í umsjá Margrétar Baldursdóttur. Hópurinn hittist á sirka 6 vikna fresti og var opinn öllum. Valin var bók til lestrar og hún svo rýnd næst þegar hópurinn hittist.

### Miðvikudagsfræðsla

Félagið bauð upp á fræðslu í hádeginu á miðvikudögum. Fræðslunni var ýmist streymt frá Krabbameinsfélagi Íslands, fagaðilar fengnir til að vera með erindi eða fræðsla var í höndum ráðgjafa þjónustumiðstöðvarinnar. Fræðslurnar voru fjölbreyttar og vel sóttar en þær voru opnar öllum.

## NÁMSKEIÐ

Líkt og með hópastarf var námskeiðshald einnig blásið að mestu af. Haldið var námskeið fyrir sjálfboðaliða sem tóku formlega til starfa í febrúar. Það voru sjö einstaklingar sem skráðu sig og tóku þátt.

Í september var farið af stað með barnanámskeiðið Börn sem aðstandendur. Námskeiðið er aðkeypt fræðsla frá Elísabetu Lorange, listmeðferðafræðing og Helgu Jónu Sigurðardóttur, iðjuþjálfara og fjölskyldumeðferðafræðing. Vegna Covid-19 var seinni hluti námskeiðsins felldur niður.

Til stóð að halda eftirtalin námskeið á árinu:

### Nýjar áskoranir í hjónabandi

Fjögurra skipta námskeið fyrir hjón þar sem annar eða báðir aðilar hafa greinst með krabbamein og áhrif veikindana á líf þeirra. Farið er meðal annars í breytingar á hlutverkum, líkamsímynd og kynheilbrigði.

### Krabbamein á barnamáli

Sex skipta námskeið fyrir börn 5-16 ára. Markmiðið er að bæta líðan barna og unglunga sem eru aðstandendur krabbameinsgreindra. Ýmsar leiðir eru kenndar til að takast á við erfiðar aðstæður með leik, skemmtun og tjáningu í fyrirrúmi.

### Út í lífið

Námskeið fyrir fólk sem hefur greinst með krabbamein. Markmið námskeiðsins er að bæta lífsgæði í kjölfar krabbameinsgreiningar. Meðal efnis á námskeiðinu eru aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar, kvíði, depurð, þreyta, svefn, kynheilbrigði og aukaverkanir. Núvitund og slökun í byrjun og lok hvers tíma.

### Núvitundarnámskeið með áherslu á þreytu og verki

Námskeiðinu er skipt upp í fræðslu, hugleiðsluæfingar og umræður um núvitund og hvernig þátttakendur geti nýtt sér hana í daglegu lífi. Meðal annars með tilliti til algengra einkenna sem fólk sem hefur greinst með krabbamein er að takast á við eins og þreytu og verki. Námskeiðið er aðkeypt fræðsla frá sálfræðingunum Aðalheiði Sigfúsdóttur og Kristínu Viðarsdóttur.



Sjálfboðaliðar 2020.

## EIRBERGSPJÓNUSTA

Konur sem hafa farið í brjóstnám eða fleigskurð geta pantað tíma hjá Eirberg í þjónustumiðstöð Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Hjúkrunarfræðingur tekur á móti konunum, veitir ráðgjöf og mælir fyrir gervibrjóstum og ermum til að meðhöndla sogæðabjúg. Aðstaðan er til fyrirmyndar með hjólastólaaðgengi, rúmgóðu viðtalsherbergi og mátunarklefa.

Eirbergspjónustan er samstarfsverkefni milli félagsins og Eirbergs og er mikilvæg þjónsta fyrir konur á landsbyggðinni.

Komur í Eirbergspjónustuna á árinu voru 52.

## RÁÐGJAFARÞJÓNUSTAN

Breyttir tímar hafa kallað á sveigjanleika og nýja nálgun af hálfu Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Heimsfaraldur setti mark sitt á starfsemina, en hingað til hefur þjónustan aðallega farið fram í staðviðtölum og einstaka símaviðtölum.

Lögð var rík áhersla á að halda aðgengi að Ráðgjafarþjónustunni opnu eftir fremsta megni og veita þannig beinan stuðning við fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra.

Lögð var rík áhersla á að halda aðgengi að Ráðgjafarþjónustunni opnu eftir fremsta megni og veita þannig beinan stuðning við fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra. Þörfum fólks var ýmist mætt með því að veita staðviðtöl, símaviðtöl eða fjarviðtöl.

## STAÐVIÐTÖL

Aðsókn í einstaklings- og fjölskylduviðtöl hefur haldist í hendur við sóttvarnartakmarkanir vegna heimsfaraldurs á árinu. Húsnæði þjónustumiðstöðvarinnar er rúmgott og því reyndist auðvelt að taka á móti fólk í viðtöl. Auðvelt var að halda tveggja metra fjarlægð og gæta allra helstu sóttvarna. Alls komu 300 einstaklingar í staðviðtöl á árinu, þar af 52 konur í Eirbergsþjónustu.

### Fjöldi viðtala á árinu

Staðviðtöl	Símaviðtöl	Fjarviðtöl	Heild
300*	109	13	422

\*Þar af voru 52 komur í Eirberg

## SÍMAVIÐTÖL

Í ljósi þess að skjólstæðingar félagsins eru margir hverjir með viðkvæmt ónæmiskerfi eða einhver á heimili þeirra brugðu ráðgjafar á það ráð að leggja áherslu á símaviðtöl. Þá var þeim sem leituðu til félagsins flestum boðið að fá eftirfylgni símleiðis. Á vef félagsins var auk þess sett upp útfylliform sem gerði fólk kleift að óska eftir símtali frá ráðgjafa á ákveðnum tíma og auðvelda þannig viðkomandi að taka fyrsta skrefið í samskiptum við félagið. Alls tóku ráðgjafar 109 símaviðtöl á árinu.

## FJARVIÐTÖL

Ráðgjafarþjónustan tók stórt skref í þjónustu við fólk á landsbyggðinni með innleiðingu á fjarviðtalsbúnaðinum Kara Connect á árinu. Búnaðurinn gerir ráðgjöfum kleift að taka fjarviðtöl við skjólstæðinga sína með öruggum hætti þar sem lögum um persónuvernd er gætt. Með þessu framfaraskrefi er hægt að nýta betur sérþekkingu hvers og eins ráðgjafa og para við þarfir skjólstæðinga óháð búsetu. Heildarfjöldi fjarviðtala á árinu voru 13.



Mynd Auðunn Nielsson.

## REKSTUR

Starf Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis byggist alfarið á stuðningi einstaklinga og fyrirtækja en stærsti styrkurinn kemur frá Velunnurum Krabbameinsfélagsins. Erfið fjárhagsstaða var hjá félaginu árið 2020 sem mátti rekja til efnahagslegra áhrifa Covid-19. Það dróg verulega úr styrkveitingum frá einstaklingum og fyrirtækjum auk þess sem stórar fjáraflanir eins og Hruturinn, Gæfuspor og Reykjavíkurmaraþon skiluðu ekki inn áætluðum tekjum. Stjórn félagsins sá ekki fram á að standa af sér áframhaldandi efnahagslega óvissu og senti út neyðarkall til samfélagsins í september. Félagið fékk mikla athygli frá fjölmiðlum og einstaklingar, fyrirtæki og félagasamtök höfðu samband og vildu leggja sitt af mörkum.

Heildarvelta félagsins 2020 nam 48 milljónum og jókst um 34% frá árinu áður. Hagnaður ársins var 15.5 milljónir í samanburði við 2.2 milljón króna tap árið 2019. Hagnaðinn má rekja til neyðarkallsins sem félagið senti út

og hækkan á félagsgjöldum. Auk þess var rekstrakostnaður félagsins töluvert lægri þar sem starfsemi félagsins var í lágmarki vegna Covid-19.

## MÁLVARASTARF

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis leggur ríka áherslu á að sinna málsvarastarfi. Það sem stóð upp úr á árinu var brjóstaskimun í júní.

### Brjóstaskimun í júní

Í upphafi Covid-19 faraldursins var gert hlé á brjóstaskimunum á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Í samstarfi við Leitarstöðina var ein helgarvakt mönnum í júní þar sem félagið lagði til starfsmann í móttöku og Leitarstöðin geislafræðinga. Voru þá skimaðar um 200 konur á þremur dögum sem annars hefðu þurft að bíða fram í ágúst.

## VIÐBURÐIR

Vegna fjöldatakmarkana og sóttvarnaraðgerða vegna Covid-19 reyndist erfitt að halda viðburði á vegum félagsins. Hrúturinn var haldinn í byrjun mars án takmarkana og Dekurdagar í október með takmörkunum. Aðrir viðburðir féllu niður.



Mynd Auðunn Niésson.

## HRÚTURINN

Hrúturinn er árvekníatak haldið af Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis í samstarfi við Akureyrarbæ og Krabbameinsfélagið. Hrúturinn er haldinn í mars þar sem mars mánuður hefur undanfarin ár verið tileinkaður vitundarvakningu á krabbameini í körlum. Aðalviðburður Hrútsins er málþingið Karlmennt og krabbamein sem haldið er í Hofi. Alls sóttu 200 manns málþingið í ár og heppnaðist það mjög vel. Um kvöldið var Kótilettukvöld á Eyrinni, uppboðs og matarveisla þar sem allur ágóði rann til félagsins.

Yfirskrift Mottumars var hreyfing og af því tilefni voru starfsmenn félagsins sýnilegir í World Class einn laugardagsmorgun. Þar fóru fram góðgerðartímar undir yfirskriftinni Hrútar á hreyfingu. Mottumarslög voru spiluð og starfsmenn afhentu hressingu og fræðslu á vegum félagsins.

## DEKURDAGAR

Októbermánuður er tileinkaður konum sem greinst hafa með krabbamein, bleikur litur er nýttur til þess að minna á málefnið og sýna konunum samstöðu og stuðning. Á Akureyri hafa verslunareigendurnir Vilborg í Centro og Inga í Pedromyndum staðið fyrir Dekurdögum síðastliðin 12 ár. Í þetta skiptið söfnuðust 4.2 milljónir. Upphæðin sem safnaðist í ár fór langt fram úr björtustu vonum og þakklæti er félaginu efst í huga. Það er nauðsynlegt að eiga sterkt bakland eins og Dekurdagar hafa verið. Það hefur skapast hefð fyrir því að vera með uppskeruhátíð á Icelandair Hótel Akureyri í lok október, en vegna aðstæðna í samfélaginu var horfið frá þeim plönnum. Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, hóteltýra afhenti félaginu styrk að upphæð 207.000 kr sem safnaðist á hótelinu í október.



Vilborg, Marta og Inga.

## MÍÐLAR

Í ljósi þess að aðgengi að félaginu var takmarkað vegna Covid-19 var lögð áhersla á að miðla efni og fréttum í gegnum vef og samfélagsmiðla, þá voru starfsmenn félagsins sýnilegir í sjónvarpi.

## VEFUR

Lagst var í endurbætur á efni vefsins á árinu og áhersla lögð á að veita skýrar upplýsingar. Notkun á vefnum jókst umtalsvert, en fjöldi þeirra sem nýta vefinn jókst um 112% milli ára og fjöldi heimsóknna um 146%. Spilar þar inn í góð virkni á Facebook þar sem vísað var í efni á vefnum og svo virðist sem efnið hafi náð vel til skjólstæðinga félagsins. Vefurinn er í stöðugu endurbótarferli þar sem lögð er áhersla á að mæta þörfum lesenda.

## FACEBOOK

Samfélagsmiðlar skipa orðið stórt hlutverk í sýnileika félagsins og nálgun þess við skjólstæðinga. Félagið heldur úti síðu á Facebook og miðlar þar upplýsingum um starfsemi félagsins, tilkynningum um breytta opnunartíma, námskeið, viðburði og gagnlegum upplýsingum frá Krabbameinsfélagi Íslands. Í lok árs 2019 var félagið með 1.491 fylgjendur á Facebook og í lok árs 2020 1.623 fylgjendur.

## SJÓNVARP

Starfsmenn Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis hafa alltaf átt mjög góð samskipti við fjölmiðla á félagssvæðinu. N4 sjónvarp hefur verið alveg stórkostlegt með að kynna starfsemi félagsins. Árið 2020 komu starfsmenn fjórum sinnum fram í sjónvarpsþáttum á N4. Viðtölin tengdust ýmist Hrútnum, starfsemi

á Covid-19 tímum, Ráðgjafarþjónustunni og Bleiku slaufunni. Félagið vill þakka N4 fyrir stuðninginn í gegnum árin.

## PRENTMÍÐLAR

Fréttablaðið birti frétt af erfiðri fjárhagsstöðu Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis.

Fréttablaðið birti frétt af erfiðri fjárhagsstöðu Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis.

Blaðamaður hafði samband við Mörtu Kristínu framkvæmdastjóra félagsins, eftir að bæjarráð Akureyrar hafði hafnað beiðni félagsins um fjárhagsaðstoð.




Skjáskot, Fréttablaðið.

## FJÁRAFLANIR

### AUR FYRIR EISTA

Í tengslum við Hrutinn var farið af stað með söfnunarátakið *Aur fyrir Eista*. Fyrirtæki voru hvött til þess að leggja félaginu lið með því að styrkja um upphæð að eigin vali fyrir hvert eista í starfsmannahópnum. Hugmyndin kom upphaflega frá starfsmönnum Fasteignasölu Akureyrar sem riðu á vaðið með myndarlegu framlagi. Átakið var vel heppnað og vakti mikla lukku.



Samhliða þessu var gefið út fræðsluplakat á vegum félagsins þar sem farið var yfir sjálfsskoðun karla á eistum. Krabbamein í eistum eru frekar sjaldgæf en þau eru samt algengustu illkynja æxli karla á aldrinum 25-39 ára. Að þekkja líkama sinn vel getur verið lykillinn að því að gera sér grein fyrir því þegar eitthvað er ekki eins og það á að vera. Með því

að taka stöðuna mánaðarlega eru meiri líkur á því að mein uppgötvist tímanlega.

### KÓTILETTUKVÖLD

Eftir málþingið Karlar og krabbamein í mars var kótiletukvöld haldið á veitingarstaðnum Eyrinni og rann ágóði af seldum miðum til Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Uppselt var á viðburðinn, en 70 manns gæddu sér á úrvals kótiletum og meðlæti. Veislustjórn var í höndum vandræðaskáldsins Vilhjálms Bragasonar sem stýrði jafnframt uppboði á varningi sem félagið fékk að gjöf frá fyrirtækjum og einstaklingum á svæðinu. Það var mál manna að vel hafi heppnast til og alls safnaðist um 500.000 þúsund.

### GÆFUSPOR

Í samkomubanninu var leiða leitað til þess að minna á starfsemi félagsins og safna um leið áheimum. Úr varð árvekniátakið Gæfuspor þar sem fólk var hvatt til þess að taka gæfuspor í sínu lífi og sporna um leið við líkum á því að fá krabbamein. Meðal þess sem lögð var áhersla á var hreyfing, notkun sólarvarnar og heilbrigðar matarvenjur.

### REYKJAVÍKURMARAFON

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka fór fram 22. ágúst. Hlaupið var haldið með breyttu sniði þetta árið vegna Covid-19. Fyrir krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis hljóp hópur af fólki og söfnuðust 511.311 krónur.

### JÓLAMERKIMIÐAR

Í lok nóveber hóf félagið sölu á jólamerkimiðum til styrktar starfseminnar. Miðarnir voru hannaðir innanhúss og prentaðir í Ásprent. Vel var tekið í þetta framtak og seldust um 250 pakkar af merkimiðum fyrir 183.550 krónur.

## STYRKIR

### FÉLAGSMENN

Félagsgjöldin eru ein af fjárhagslegum grunnstöðum Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis og gerir því kleift að halda uppi öflugum málsvarastarfi, stuðningi við krabbameinsgreinda, fræðslu- og forvarnarstarfi, samskiptum við önnur hagsmunafélög og opinberar stofnanir er málið varðar. Félagsgjöldin voru hækkuð úr 3.500 krónum í 4.500 krónur á árinu. Innkoma félagsgjalda nam 4.576.000 krónum. Út frá neyðarkalli félagssins mátti sjá töluverða aukningu í nýskráningu félagsmanna seinni hluta ársins.

Við þökkum því öllum þeim félögum sem leggja sitt af mörkum til félagsins, ykkar framlag skiptir máli.

### STYRKIR FRÁ SAMFÉLAGINU

Í september sendi Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis út neyðarkall vegna erfiðrar fjárhagsstöðu félagsins. Í ár komu mun færri styrkir inn en áður fyrri hluta árs sem má rekja til efnahagslegrar óvissu í samfélaginu vegna Covid-19. Það er óhætt að segja að samfélagið hafi tekið vel í bónina. Stuðningurinn og samkenndin sem stjórn og starfsmenn fundu fyrir var ómetanlegur. Félagið þjónustar stórt svæði á landsbyggðinni og er mikilvægt að fá styrki frá samfélaginu til þess að halda starfseminni gangandi. Styrkir frá fyrirtækjum, einstaklingum og öðrum félagasamtökum eru því alltaf kærkomnir. Félagið senti einnig neyðarkallið á Akureyrarbæ og sveitafélögin í kring og lagði áherslu á mikilvægi þess að halda þjónustunni í heimabyggð. Sveitarfélögin sem lögðu félaginu lið voru Norðurþing, Grýtbakkahreppur og Hörgarsveit. Styrkir sem komu inn vegna neyðarkallsins skiluðu sér í rúmlega 16.5 milljón krónum. Inn

í þeirri tölu eru styrkir tengdir Dekurdögum, þar á meðal aðalstyrkurinn frá þeim viðburði sem nam 4.200.000 krónum.

Á hverju ári sækir Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis um verkefnastyrki til þess að geta boðið upp á námskeið, málþing og aðra fræðslu. Félagið fékk styrki til að halda tvö málþing, barnanámskeið og núvitundarnámskeið en aðeins var hægt að halda málþingið Karlar og krabbamein í mars og hluta af barnanámskeiðinu. Styrkirnir komu frá Norðurorku, Heilbrigðisráðuneytinu og Embætti landlæknis.

### VELUNNARAR

Árlega útdeilir Krabbameinsfélagið styrkjum frá Velunnurum félagsins til aðildafélaga Krabbameinsfélagsins og getur Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis sótt þar um styrk. Velunnarar eru ómetanlegt bakland Krabbameinsfélagsins allan ársins hring. Velunnarar Krabbameinsfélagsins eru þeir sem kjósa að styðja við baráttuna gegn krabbameini með mánaðarlegu framlagi og styrkja þannig rannsóknir, fræðslu og forvarnir og endurgjaldslausu ráðgjöf og stuðning til krabbameinsgreindra og aðstandenda þeirra.

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis fékk 11.5 milljónir í úthlutun frá Velunnurum fyrir árið 2020. Auka úthlutun upp á 1.429.259 krónur barst síðar á árinu.





# ÁRSSKÝRSLA 2020



**Krabbameinsfélag**  
Akureyrar og nágrennis